Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 36

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bref. 11/12 '09

Bg. 23

Út af beiðni minni til bæjarstjórnar Reykjavíkur í bréfi dags. 17. f.m. um leyfi til að mega byggja hayhús og fjós á erfðafestulandi mínu, skal eg hér með leyfa mér að senda byggingarnefnd Reykjavíkur lauslegan uppdrátt af erfðafestulandinu, hayhúsinu og fjósinu; á erfðafestulandsuppdráttinn hefi eg og markað þann stað, er eg óska að mega byggja á.

Hayhúsið á að byggja úr steini; stærð þess á að vera 12×6×3 álnir. Það verður að mestu leyti grafið í jörð. Fjósið á að vera 12 áln. á lengd 5 áln. á breidd og vegghæðir 4 og $4\frac{1}{2}$ álnir. — Skúrþak. Fjósið á að standa á nokkrum hluta hayhússins eins og framdrættirnir sýna. Eg hefi hugsað að hafa fjósið aðeins fyrir sumarfjós og gjöri því ráð fyrir að hafa það sem allra ódýrast og einfaldast. — Á þeim hluta hayhússins, sem fjósið ekki stendur — 7 álna lengd —, á að vera járnþak. — Frá norðausturhorni erfðafestulandsins til þessarar fyrirhuguðu byggingar verða c. 80 faðmar. Fjarlægð hennar frá skurðinum c. 5 faðmar.

Reykjavík 9. desember 1909

Páll Halldórsson

Til byggingarnefndar Reykjavíkur.

Bref. Frestað 7/12 1909 Bg. 23

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með óska ég eftir, að hin háttvirta bygginganefnd vildi leyfa mér að setja niður Vanhús að stærð 3¼ ál á lengd og hæð, og 1¾ al. á breidd, á baklóð þeirri er tilheyrir húsi mínu við Túngötu 50.

Reykjavík 26 nóv 1909

Ingim. Ögmundsson.

B. Rvk. 715/1909 B V 23

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leifi jeg mjer undirritaður að biðja háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur að gjefa samþikki sitt til bygginga á lóð minni samkvæmt meðfylgandi uppdrætti

Reykjavík 2 Desember 1909

Jón Jóhannsson Laugaveg 69
Ökumaður

Til Byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 7/17 1909 By. 23

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að eg undirritaður eigandi hússins nr. 24 á Grettisgötu, hefi áformað að setja niður við hús mitt lítinn brádabyrgðar-geymsluskúr, að stærð 2 × 2 al. og með 3–4 al. á leyfta ég hér með samþykkis byggingarnefndar hér um.

Medfylgjandi dráttir, er sýna legu hússins, sýna einnig, hvar skúr þessi skuli byggjast.

Reykjavík 12. nóv. 1909.

Guðjón Jónsson
málari

Til byggingarnefndar

í Reykjavík

B. Rek. 7/16 1909 By. 23

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður óska hjer með eptir að hin heiðraða bygginganefnd Reykjavíkur, leyfi breitingu á gluggum í húsi mínu við Laugaveg 63 samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

Reykjavík 27 november 1909

Samúel Ólafsson

Til bygginganefndarinnar í Reykjavík

B. Rek. 718/1909 By. 23

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð bið jeg hina heiðruðu byggingarnefnd Rvíkur um leyfi til að byggja geymsluskúr á vesturenda lóðar minnar.
Uppdráttur af skúr þessum fylgir hér með. —

Rvík. 10. des. 1909.

Virðingarfylst. —

Sig. Eiríksson

B. Rvk. 720/1909 By 23

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit
af fundargjörð byggingarnefndarinnar 11. des. '09.–

Ár 1909 þ. 11. desember átti byggingarnefndin fund með sjer og gerðist þar það er hjer segir:

1.

× Guðjóni Jónssyni leyft að byggja bráðabyrgðarskúr 2×2 álnir við hús hans Grettisg. 24, með því skilyrði að hann verði rifinn niður þegar byggingarnefndin krefst þess.

2.

× Jóni Jóhannssyni leyft að byggja peningshús á lóð hans, Laugav. 69, 10×6 álnir að stærð með eldvarnarveggjum á tvær hliðar. Húsið einnig úr steini.

3.

× Ingimundi Ögmundssyni leyft að byggja salerni 3½ × 1¾ al. á baklóð hans við Lindargötu 50.

4.

× Samúel Ólafssyni söðlasmið leyft að breyta gluggum á framhlið húss hans á Laugavegi 63.

5.

× Samþykkt að veita skólastjóra Páli Halldórssyni leyfi til að byggja haughús og fjós á erfðafestulandi hans í Kringlumýri. Fjósið á að vera 12×15° og haughúsið 6×7 álnir.–

6.

Erindi Ólafs Jónssonar um endurgjald fyrir lóð við Hávallag., frestað til næsta fundar og falið K. Zimsen, Jóni Jenssyni og bæjarverkfræðingnum til athugunar.

7.

× Sig. Eiríkssyni reglubota leyft að byggja geymsluskúr 3×10 al. á lóð hans við Grettisgötu.

Fleira gjörðist ekki.–

Allir á fundi nema Lögm. Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur